



Greinargerð með tillögu að áætlun um stafræna hæfni og menntatækni í skóla- og frístundastarfi 2026–2030

Kópavogsbær hefur byggt upp sterka stafræna innviði í skóla- og frístundastarfi. Næstu skref snúa að heildstæðri stefnumótun um hvernig stafræn tækni, menntatækni og kennslulausnir styðja við námsmarkmið, gæði kennslu, jafnt aðgengi, öryggi og velferð barna og ungmenna.

Þörf er á skýrari viðmiðum um stafræna hæfni, stafræna borgaravitund, miðlalæsi og ábyrga notkun gervigreindar. Áherslan er að tæknin sé leið að markmiði í námi en ekki markmið í sjálfu sér. Ákvarðanir um innviði, tækjaumhverfi og stafrænar kennslulausnir þurfa því að byggja á faglegu mati, skýrum námslegum tilgangi, persónuvernd, upplýsingaöryggi og gögnum um áhrif á nám og skólastarf.

Í áætluninni verði mótuð aldurstengd viðmið um hvenær stafræn tækni styður við nám og kennslu með hliðsjón af námsmarkmiðum, kennslufræðilegum tilgangi, gæðum náms og jafnvægi milli fjölbreyttra náms- og kennsluaðferða.

Áætlunin byggir á þeirri faglegu vinnu sem þegar hefur átt sér stað í leik- og grunnskólum Kópavogs og miðar að því að þróa hana áfram með sameiginlegri sýn, skýrari markmiðum, gagnreyndu mati og ábyrgri notkun stafrænnar tækni.

Við mótun áætlunarinnar verði jafnframt tekið mið af sjónarmiðum foreldra, nemenda og skólasamfélagsins um jafnvægi í skólastarfi, velferð nemenda og að námstæki séu aðeins nýtt þegar þau þjóna skýrum námslegum tilgangi.

Skýringar á helstu lykilhugtökum

- **Stafræn hæfni:** Hæfni til að nota stafræna tækni á öruggan, gagnrýninn, skapandi og ábyrgan hátt í námi, starfi og daglegu lífi.
- **Menntatækni:** Markviss notkun stafrænnar tækni, búnaðar og hugbúnaðar til að styðja við nám, kennslu, endurgjöf, námsmat, aðgengi og þátttöku nemenda.
- **Kennslulausn:** Stafræn lausn sem er notuð í námi og kennslu og þarf að hafa skýran námslegan tilgang, uppfylla kröfur um öryggi og persónuvernd og styðja við markmið skólastarfs.
- **Stafræn borgaravitund:** Þekking, færni og viðhorf sem gera nemendum kleift að taka ábyrgan þátt í stafrænu samfélagi, virða réttindi annarra, gæta öryggis og sýna siðferðilega dómgreind á netinu.
- **Miðlalæsi:** Hæfni til að leita, meta, túlka, nýta og skapa upplýsingar í ólíkum miðlum, þar á meðal að greina áreiðanleika upplýsinga og átta sig á áhrifum miðla.

- **Gervigreindarlæsi:** Grunnskilningur á því hvað gervigreind er, hvernig hún getur stutt nám og störf, hvaða takmarkanir hún hefur og hvernig nota má hana á gagnsæjan, ábyrgan og öruggan hátt.
- **Upplýsingaöryggi:** Vernd upplýsinga, kerfa og gagna þannig að trúnaður, réttleiki og aðgengi séu tryggð og dregið sé úr hættu á misnotkun eða óheimilum aðgangi.
- **Persónuvernd:** Vernd persónuupplýsinga og réttinda einstaklinga, meðal annars með því að tryggja að söfnun og vinnsla gagna sé lögmæt, nauðsynleg, gagnsæ og í samræmi við tilgang skólastarfs.

Viðfangsefni áætlunarinnar

Helstu viðfangsefnin eru:

- stafræn hæfni nemenda frá leikskóla til loka grunnskóla, með aldurstengdum viðmiðum
- stafræn borgaravitund, netöryggi, miðlalæsi og ábyrg þátttaka í stafrænu samfélagi
- gervigreindarlæsi og örygg, gagnsæ og ábyrg notkun gervigreindar í námi og kennslu
- viðmið um hvenær stafræn tækni styður við nám, aðgengi, sköpun, endurgjöf, námsmat og gæði kennslu
- hvernig menntatækni og kennslulausnir verði valdar og innleiddar á grundvelli námslegs gildis, persónuverndar, öryggis, aðgengis og gagna um árangur
- hvaða tækjaumhverfi styður best við markmið skólastarfs á ólíkum aldurstigum jafnt aðgengi nemenda og faglegt starfsumhverfi kennara

Samráð, stýrihópur og eftirfylgni

Áætlunin verði unnin í samráði við skólastjórnendur, kennara, frístundaleiðbeinendur, foreldra, nemendur og starfsfólk menntasviðs. Lagt er til að stofnaður verði stýrihópur með fulltrúum menntaráðs og skólasamfélagsins sem yfirfari og meti tillögur þegar þær liggja fyrir.

Menntasvið kanni jafnframt möguleika á samstarfi um mælikvarða og mat á áhrifum stafrænnar tækni á nám, kennslu, aðgengi, öryggi, velferð og starfsumhverfi kennara. Slíkt styður við gagnsæi, ábyrgð og reglulega endurskoðun til ársins 2030.

Leiðarljós

- Tækni er leið að námsmarkmiðum, ekki markmið í sjálfu sér.
- Nám, öryggi, velferð og jafnt aðgengi nemenda eru í forgrunni.

- Ákvarðanir byggja á kennslufræðilegu mati, persónuvernd, upplýsingaöryggi, aðgengi og gögnum um áhrif á skólustarf.
- Áætlunin er unnin í samráði við skólasamfélagið og fylgt eftir með skýrum mælikvörðum.

Verkefnaáætlun í áföngum

Tími	Áfangi	Helstu verkefni	Afurðir	Fjárhagsleg áhrif / næstu skref
Ágúst–september 2026	Verkefna-rammi og umboð. Skipan stýrihóps.	Kynning fyrir menntaráð, staðfesting markmiða, umfangs og vinnuferlis	Samþykktur verkefnarammi	Ekki gert ráð fyrir auknum kostnaði á þessu stigi.
Septem-ber–október 2026	Greining og samráð	Yfirferð fyrirbyggjandi gagna og samráð við skóla, foreldra, nemendur, frístund og framhaldsskóla. Samstarf um mælikvarða og mat á áhrifum.	Stöðugreining og samantekt samráðs	Greina hvort niðurstöður kalli á kostnaðarmat eða breytingar á forsendum fjárhagsáætlunar 2027.
Nóvember 2026–janúar 2027	Drög að áætlun	Mótun hæfniramma, viðmiða um menntatækni, gervigreindarlæsi og fyrstu tillagna um tækjaumhverfi	Drög að heildstæðri áætlun	Meta þörf fyrir starfsþróun, fræðslu, búnað eða kennslulausnir sem kann að hafa kostnaðaráhrif.
Febrúar–mars 2027	Kostnaðarmat og umsögn	Yfirferð starfshóps, mat á tækjaumhverfi, kostnaðaráhrifum og innleiðingar-forsendum	Umsögn starfshóps og kostnaðarmat	Ef breytingar eru lagðar til skal vinna drög að tillögu fyrir fjárhagsáætlun 2028.
Apríl–maí 2027	Samþykkt áætlunar	Lokayfirferð, kynning fyrir menntaráð og afgreiðsla áætlunar	Áætlun samþykkt vorið 2027	Fjárhagsáætlunartillögur fyrir 2028 lagðar fram ef samþykktar aðgerðir hafa kostnaðaráhrif.
2027–2028	Innleiðing, ár 1	Undirbúningur innleiðingar,	Innleiðing áætlunar hafin	Fylgja eftir samþykktum

		starfspróun, forgangsörðun aðgerða og fyrstu innleiðingarskref	og fyrstu framvindugögn	fjárheimildum og meta þörf fyrir næsta fjárhagsár.
2028–2029	Innleiðing, ár 2	Útvíkkun aðgerða, stuðningur við skóla, eftirfylgni með tækjaumhverfi og menntatækni	Áfangamat og framvindu- skýrsla	Endurmeta kostnað, ávinning og mögulegar breytingar á fjárhagsáætlun.
2029–2030	Innleiðing, ár 3	Heildstæð innleiðing, lokamat, lærdómur og tillögur um áframhaldandi þróun	Lokamat og tillögur að næstu skrefum eftir 2030	Meta langtímaáhrif, rekstrarkostnað og fjárhagslegar forsendur áframhaldandi þróunar.